

## Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2024, fimmtudaginn 15. febrúar var 69. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.07. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Lilja Sveinsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir Þorkell Sigurlaugsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Katarzyna Beata Kubis, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, Anna Kristín Jensdóttir, Ingólfur Már Magnússon. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Bragi Bergsson. Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram fundadagatal aðgengis- og samráðsnefndar vor 2024. MSS23120020
2. Fram fer kynning á stöðu málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. VEL24020005

Aðgengis og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Nefndin þakkar fyrir góða og ítarlega kynningu á stöðu málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. Fatlað fólk hefur samkvæmt lögum rétt á þjónustu, þjónustupörfin hefur aukist og biðlistar hafa lengst víða í kerfinu. Sem dæmi má nefna húsnæðismál, en þrátt fyrir mikla uppbyggingu á húsnæði og þjónustu fyrir fatlað fólk hefur það ekki dugað til, og samþykkti borgarráð því endurskoðaða uppbyggingaráætlun árið 2022, en hún bíður þess enn að vera fjármögnuð. Þá á borgin yfir höfði sér dómsmál vegna fólks sem ekki hefur fengið þá þjónustu sem það á rétt á samkvæmt lögum. Ljóst er að þrátt fyrir þann mikla metnað sem starfsfólk borgarinnar hefur fyrir málaflokknum, og vilja borgarstjórnar til þess að gera eins vel og hægt er í þessum málum, þá þarf að setja meiri kraft í málaflokkinn til að réttur fatlaðs fólks sé virtur. Þrátt fyrir aukið fjármagn er ljóst að það dugar ekki til til að fjármagna málaflokkinn að fullu og er talsvert bil sem þarf að brúa.

Aðalbjörg Traustadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.57 vísur Anna Kristín Jensdóttir af fundinum og aftengis fjarfundarbúnaði.
  - Kl. 11.00 vísur Anna Kristinsdóttir af fundinum.
3. Kynningu á verkhönnun hugmynda í Hverfið mitt, er frestað. MSS22020075
  4. Fram fer kynning á verkefninu AMIGOS. MSS22090044
- Hannah Rós Sigurðardóttir Tobin og Harpa Sif Eyjólfsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 11.05 vísur Rúna Björn Herrera Þorkelsson af fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. janúar 2024, um verklagsreglur um fyrirspurnir og tillögur. MSS23090170
  6. Lögð fram svohljóðandi tillaga aðgengis- og samráðsnefndar um skynrými/rólegt svæði á menningarnótt:

Lagt er til að tilraun verði gerð með rólegt svæði/skynrými (t.d. tjald eða afmarkað rými innanhúss) á Menningarnótt, þar sem gestir geta dvalið til þess að hvíla skynfærin frá skarkalanum sem fylgir mannmergðinni og hátíðarhöldunum, í þeim tilgangi að bæta aðgengi ýmissa hópa að borgarhátíðinni, að fyrirmynd Svigrúms sem sett var upp í lönnó á Hinsegin dögum síðastliðnum. Þá verði rýmið auglýst sérstaklega fyrir þá hópa sem það kann að nýtast.

Greinagerð fylgir tillögunni. MSS24020057

Vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

7. Lagðar fram tilnefningar til Aðgengisviðurkenningar 2023. Trúnaður ríkir um þennan lið þar til eftir afhendingu viðurkenningarinnar. MSS24020023

### **Fundi slitið kl. 11.40**

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Lilja Sveinsdóttir  
Rúnar Björn Herrera Þorkelsson  
Þorkell Sigurlaugsson  
Ingólfur Már Magnússon

Unnur Þöll Benediktsdóttir  
Anna Kristín Jensdóttir  
Katarzyna Beata Kubis